

79. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima 10. Febrúar 2017

Fundur settur kl. 08:20

Fundarstjóri: Helga Árnadóttir

Ritari: Ragnhildur Jónsdóttir

Mætt eru: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Helga Árnadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Hrafnkell Guðnason og Bjarni Guðmundsson.

Fundargerð

Helga Árnadóttir fundarstjóri setti fundinn og bauð Hugrúnu Hörpu nýráðinn forstöðumann þekkingarsetursins Nýheima velkomna.

1. Upprifjun síðasta fundar

Ragnhildur fór yfir fundargerð síðasta fundar. Hugrún greindi frá því að minnispunktar frá Davíð Arnari hafi verið sendir á Menntamálaráðneytið og sömuleiðis að auglýsing vegna starfs verkefnastjóra ÞN hafi farið til birtingar í Fréttablaðinu.

2. Starfsreglur funda

Kristín fór yfir starfsreglur og tillögur að breytingum á þeim, umræður sköpuðust um tillögurnar. Forstöðumanni falið að gera breytingar í samræmi við umræður fundar og senda á stjórn til samþykktar. Ákveðið að starfsreglur funda séu yfirfarnar einu sinni á ári í tengslum við ársfundur.

3. Fyrirkomulag rekstrar Nýheima

Eyjólfur rifjaði upp frá síðasta fundi hugmyndir um fyrirkomulag reksturs Nýheima. Lagði hann áherslu á að taka ákvarðanir hvað þetta varðar fyrir vorið. Umræður sköpuðust um hugmyndirnar og ákveðið að leggja áherslu á rekstur hússins næstu mánuði og vinna að úrlausnum þar sem þeirra er þörf. Forstöðumanni falið að afla gagna varðandi rekstur hússins og einnig að kynna sér fyrirkomulag hjá öðrum þekkingarsetrum og kynna á næsta fundi.

4. Ósk um framlag til Vísinda- og rannsóknasjóðs

Hugrún Harpa kynnti ósk sem borist hefur um framlag ÞN til Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands. Umræður sköpuðust um málið og ákveðið að fresta ákvörðun um aðild að sjóðnum. Forstöðumanni falið að koma á fundi við framkvæmdarstjóra Fræðslunets Suðurlands.

HL
B.G.

5. Ársfundur 2017

Hugrún Harpa gerði grein fyrir frestun ársfundar sem vera átti 17. febrúar. Ákveðið að ársfundur skuli haldinn 24. mars. Árshátíð ÞN verður haldin sama dag. Fram kom að hlutverkaskipti verða í stjórn á næsta ársfundi.

6. Innra starf Nýheima

Hugrún Harpa fór yfir hugmyndir varðandi innra starf ÞN, unnið verður áfram að framvindu þeirra.

7. Heimasíða ÞN

Hugrún Harpa ræddi vinnu við heimasíðu og miðlun efnis á henni. Lagði Hugrún til að fengin yrði aðstoð við að vinna að uppsetningu heimasíðu ÞN. Forstöðumanni falið að ganga í málið.

8. Prókúra á reikningum Þekkingarsetursins Nýheima

Stjórn samþykkir að Hugrún Harpa Reynisdóttir hafi prókúru á öllum reikningum Þekkingarsetursins Nýheima og hafi þar með fullt umboð til að sýsla með reikninga félagsins.

Fundi slitið kl. 10:00

Bjarni Guðmundsson
Hrafnkell Guðnason
Ragnhildur Jónsd.
Mítrín Semannsdóttir
Einar Axel Guðmundsson
Eyrim H. Einarsson
Helga Árnadóttir